



Spurningar fyrir bóklegt próf Nemandi þarf að svara 30 spurningum á prófinu.


Merkið S (satt) eða Ó (ósatt) við setningarnar, fyllið í auðar línur eða strikið undir rétt svör þar sem fullyrðingar eru í sviga:

Þróun og skynjun:

- Þróunarferli hestsins hefur staðið yfir í(40 – 60) (60 – 80) (20 – 40) milljónir ára
- Einungis (6000) (4000) (7000) ár eru síðan maðurinn byrjaði að rækta og temja hesta
- 3 metra hringlaga svæði fyrir framan hestinn er blint
- Hesturinn sér hringinn í kring um sig fyrir utan blind svæði til hliðanna
- Sjónsvið hestsins er mun víðara en sjónsvið mannsins
- Hestar sjá illa í myrkri
- Hestar eiga erfitt með snögg umskipti á birtuskilyrðum
- Hestar sjá kyrrstæða hluti óskýrar en maðurinn
- Augasteinninn í auga hestsins getur ekki breytt lögun sinni
- Hesturinn á best með að nýta sjónina þegar hann er kyrr með höfuðið
- Hestar eiga auðvelt með að greina marga liti
- Hestar eiga auðvelt með að greina minnstu hreyfingar í umhverfinu
- Hestar heyra betur en maðurinn
- Hestar geta hreyft hvort eyra í (180°) (360°) óháð hinu
- Hestar heyra bæði hærrí og lægri hljóð en maðurinn
- Hestar heyra sömu og lægri hljóð en maðurinn
- Eyru hesta og staða þeirra eru mælikvarði á líðan þeirra og hugarástand
- Hestar eiga auðvelt með að umbera hávaða og erill í umhverfinu
- Hestar eru með tvískipta heyrn
- Hestar eru hrifnir af sætu, súru og beisku bragði
- Húð hestsins er fremur ónæm fyrir snertingu
- _____og _____eru næmastu svæðin á líkama hestsins (2 atriði)

Líkami hestsins:

- Merkið að lágmarki 30 atriði inn á teikninguna



Gangtegundir:

- Brokk er þrítakta gangtegund
- Brokk er gangtegund með svifi
- Fótaröðun er eins á feti og stökki
- Fótaröðun er eins á feti og tölti
- *Taktur* kallast röð hljóðanna þegar fætur hestsins snerta jörð
- *Ganglag* er hæfileiki hestsins til að komast hratt áfram á mismunandi gangtegundum
- Fet er sviflaus gangtegund þar sem hestur hefur til skiptis 3 eða 2 fætur á jörðu
- Fótaröðun á brokki er vinstri aftur og vinstri fram saman, svif, hægri aftur og hægri fram saman
- Kjörgangur er sú gangtegund sem mest þarf að þjálfja hjá hestinum
- Talað er um hægra eða vinstra stökk eftir því upp á hvorn afturfótinn hesturinn stekkur
- Á hægra stökki spyrnir vinstri afturfóturinn hestinum fyrst upp á stökkið
- Tölt er sviflaus gangtegund
- Fótaröðun á tölti er _____
- Skeið er tvítakta gangtegund með (2) (3) (4) hreyfistigum
- Á skeiði hreyfast skástæðir fætur samtímis
- Skeið er gangtegund með svifi

Teymingar og umgengni

- Örugkast er að nota skó með grófum sóla og lágum hæl á hestbaki
- Það er undantekningalaus hjálmaskylda í öllum sýningum og keppni á Íslandi
- Best er að nálgast flesta hesta með því að koma framan að þeim
- Þegar hesturinn er teymdur kemur oftast vel í ljós hversu gott eða slæmt _____er.
- Þegar hesturinn er teymdur við hlið er best að maðurinn staðsetji sig við _____
- Þegar hesturinn er teymdur við hlið skiptir miklu máli að maðurinn taki fyrsta skrefið þegar farið er áfram
- Best er að vinna jafnt upp á báðar hendur
- Hljóðmerki geta hindrað skýr skilaboð til hestsins við teymingar
- Best er að nálgast hesta með því að koma að bógnum
- Það er nauðsynlegt að kenna hestum að vera bundnum á beisli
- Best er að hafa langt í taumnum þegar hestur er bundinn svo hann sjái vel í kring um sig og eigi auðvelt með að hreyfa sig.
- Það er nauðsynlegt að kemma hestinn í hvert sinn sem farið er á bak á honum
- Nóg er að eiga einn frekar stífan bursta sem hægt er að nota á allan búk hestsins
- Til að koma blóðinu á hreyfingu áður en farið er á bak þá er best að bursta kröftuglega á móti þeirri átt sem hárin liggja
- Það á að nota mjúka bursta á fætur hestsins og þar sem ekki eru vöðvar

- Það er hluti af því að undirbúa hestinn fyrir reið að taka upp fætur og hreinsa úr hófum
- Það er gott að sleppa styggum hestum með múl svo það sé auðvelt að ná þeim í næsta skipti
- Best er að standa við hlið hestsins þegar honum er sleppt frá manningum

Reiðtygi og umhirða

- Beislið er samskiptatæki sem knapinn notar til að hafa áhrif á hestinn
- Lengd hringaméls er hæfileg sé hún (5-10)(15-20) (2-20) mm umfram munnbreidd hestsins
- Mélin eru það mikilvægasta þegar kemur að sambandi knapans við munn hestsins
- Best er að spenna reiðmúla þétt til að varna því að mélin dragist til í munni hestsins
- Góður hnakkur auðveldar knapanum að sitja rétt á baki hestsins
- Góður hnakkur liggur þétt við hryggsúlu hestsins og veitir þannig bakinu stuðning
- Lægsti punktur hnakksins á að vera rétt aftan við miðju sætisins til að dreifa þyngd knapans jafnt
- Lægsti punktur hnakksins á að vera nákvæmlega í miðju sætisins til að dreifa þyngd knapans jafnt
- Gott er að láta leður í reiðtygjum þorna vel á milli þess sem borið er á þau
- Gott er að yfirfara reiðtygi annað til þriðja hvert ár til að ganga úr skugga um að þau séu óslitin og í lagi
- Gott er að yfirfara reiðtygi að minnsta kosti árlega til að ganga úr skugga um að þau séu óslitin og í lagi
- Best er að geyma reiðtygi á svölum og aðeins rökum stað
- Best er að geyma reiðtygi á hlýjum og þurrum stað
- Hnakkinn á að leggja fremur aftarlega á bak hestsins og ýta honum svo fram á réttan stað áður en gjörðin er spennt
- Hnakkinn á að leggja á herðakamb hestsins og ýta honum svo aftur þar til hann situr rétt á baki hestsins áður en gjörðin er spennt
- Gjörðina á að spenna yfir bringubeinið og u.þ.b. (20) (10) (4) cm. frá olnboga hestsins
- Hnakkurinn á að liggja þannig á baki hestsins að hann styðji vel við herðablöðin
- Það auðveldar hestinum að hreyfa sig ef gjörðin er fremur laust spennt
- Það er betra að beislið sé aðeins of langt uppi í hestinum en of stutt
- Þegar neðri reiðmúll er rétt spenntur þá eiga a.m.k. (2) (4) (1) fingur að komast á milli nefs og ólar
- Hnakkurinn á að liggja þannig á baki hestsins að herðablöðin séu frjáls og geti hreyfst
- Það er betra að leggja hnakkinn aðeins of aftarlega á bak hestsins en of framarlega

Farið á og af baki

- Það getur verið gott er að lofa hestinum að hreyfa sig aðeins til hliðar þegar verið er að fara á bak
- Þegar farið er á bak þá á maðurinn að staðsetja sig við hlið hestsins og snúa fram
- Rétt er að setjast varlega í hnakkinn og finna síðan ístaðið fjærmegin
- Það er nauðsynlegt að knapi og hestur venjist á að farið sé jafnt á bak beggja megin
- Betra er að venja hestinn við að alltaf sé farið á bak á hann frá sömu hlið
- Þegar farið er af baki þá er best að sleppa ístaðinu fjærmegin, stíga varlega af baki og fara svo úr hinu ístaðinu

Áseta - taumhald

- Knapinn þarf fyrst að temja sér virka ásetu áður en hann getur notað hlutlausa ásetu vel
- Grundvallaratriði góðrar ásetu eru _____ og _____
- Miklu skiptir fyrir rétta ásetu að þyngdarpunktur knapans sé frekar ofarlega í líkama hans
- Þyngdarpunktur knapans á að vera á milli nafla og baks þegar hann er á hestbaki
- Hnakkurinn og staðsetning hans hefur mikil áhrif á ásetu knapans
- Í háfléttri ásetu truflar knapinn hestinn minnst
- Háflétt áseta á fyrst og fremst við í upphitun en hana á ekki að nota of mikið á hestum sem eru í góðri þjálfun
- Háflétta ásetan hentar mjög vel til að þjálfa jafnvægi knapa
- Í háfléttri ásetu þá hallar knapinn líkamanum u.þ.b. (60°) (10°) (30°) fram og beygir sig í mjömunum
- Í háfléttri ásetu færast þyngd knapans á síður hestsins
- Í háfléttri ásetu færast þyngd knapans aftar á bak hestsins
- Háflétta ásetan gefur knapanum best tækifæri til að hafa áhrif á hreyfingar hestsins
- Lóðrétt ásetan gefur knapanum best tækifæri til að hafa áhrif á hreyfingar hestsins
- Höfuðið hefur mikil áhrif á jafnvægi knapans og er u.þ.b. (1/7) (1/12) (1/15) af líkamsþyngd mannsins
- Allir ásetugallar koma til af því að knapinn er of stífur í líkamanum
- Best er að byrja á að laga ásetugalla með því að leiðréttastöðu mjaðmagrindarinar
- Best er að bytja á að laga ásetugalla með því að setja fætur á réttan stað
- Í stólásetu lendir knapinn á undan hreyfingu hestsins
- Í stólásetu lendir knapinn á eftir hreyfingu hestsins
- Í stólásetu verður knapinn hokinn
- Í framhallandi ásetu lendir knapinn á undan hreyfingu hestsins
- Framhallandi áseta getur verið góð til að létta á baki hestsins
- Í stólásetu eykst tilfinning knapans fyrir hreyfingum hestsins
- Í framhallandi ásetu situr knapinn á lífbeininu og klemmir hnén að hestinum

- Í létttri ásetu er 60% af þyngd knapans létt af baki hestsins
- Stígandi ásetu er gott að nota á stökki og brokki
- Stígandi áseta er bara notuð á brokki
- Þegar riðin er stígandi áseta þá lyftir hesturinn með hreyfingum sínum knapanum upp úr hnakknum í fjórða hverju skrefi
- Síðasta stig stígandi ásetu á brokki er taktföst hvatning
- Síðasta stig stígandi ásetu á brokki er að greina hvaða skástæða er stigin
- Hægri skástæða er það kallað þegar hægri framfótur og vinstri afturfótur fara fram saman
- Mikilvægt er að stíga báðar skástæður jafnt til að bæta jafnvægi hestsins á brokki
- Þegar knapinn skiptir um skástæðu þá situr hann yfir eina brokkhreyfingu og byrjar svo að stíga aftur
- Talað er um vinstri skástæðu þegar vinstri afturfótur og hægri framfótur fara fram saman
- Þegar taumhald er rétt þá er þumall efsti punktur og handabök snúa (upp) (út)
- Til að fá gott og stöðugt taumhald þá er gott að æfa sig með því að styðja höndunum á hnakknefið
- Til að vera ekki með of mikið taumsamband þá er gott að hafa hendurnar aðeins opnar
- Gott er að nota taumbrú til að æfa sig að hafa tauminn stöðugan og til að passa að hann renni ekki úr höndunum.
- Mikilvægt er að halda óbreyttu sambandi við munn hestsins þegar stytt er í taum
- Mikilvægt er að losa alveg taumsambandið þegar stytt er í taum

123 spurningar